

Vegagerðin  
b/t Erlingur Jensson  
Breiðumýri 2  
800 SELFOSSI

Reykjavík, 11. mars 2013  
Tilvísun: 2013020027/22.0  
Verknúmer: 1083000

### **Efni: Leyfi til breytingar á vatnsfarvegi Aurár í Skaftárhreppi**

Orkustofnun vísar til bréfs Vegagerðarinnar á Selfossi dags. 21. febrúar sl., er barst stofnuninni 22. febrúar sl., þar sem sótt er um leyfi fyrir tilteknum breytingum á vatnsfarvegi Aurár í Skaftárhreppi í tengslum við byggingu á nýrri brú yfir Aurá, rétt austan við núverandi brú á ánni, með tilvísun til 75. gr. vatnalaga nr. 15/1923 m.s.br. Óskað var eftir viðbótarupplýsingum með tölvupósti 11. mars varðandi landeigendur og afstöðu þeirra og bærust þær upplýsingar um hæl með tölvupósti.

Um er að ræða u.þ.b. 90 m langan og 6-12 m breiðan skurð til afvötnunar brúarstæðis sunnan vegar til móts við nýtt brúarstæði á Aurá, sem mynda mun nýjan farveg fyrir ána þeim megin að loknum framkvæmdum, og annars vegar færslu farvegjar á byggingartíma og hins vegar framhjáhlaup norðan vegar, sem mynda mun nýjan farveg fyrir ána norðan megin að loknum framkvæmdum. Er bráðabirgðafærslan á farveginum í norðurátt frá veginum í formi u.þ.b. 140-150 m langs og 10 m breiðs skurðar og tengist u.þ.b. 65-70 m langt og 12 m breitt framhjáhlaup/nýr farvegur norðan vegar við norðaustur enda þessa skurðar áður en honum sleppir. Fyrir liggur vottfest samþykki landeiganda Hannesar Jónssonar fyrir framkvæmdum þessum, dags. 14. febrúar 2013.

Með tilvísun til 1. og 2. mgr. 75. gr. vatnalaga m.s.br. veitir hér með Orkustofnun Vegagerðinni leyfi til framangreindra breytinga á vatnsfarvegi Aurár í Skaftárhreppi.

Ákvarðanir Orkustofnunar er snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir sem fjallað er um í VI. kafla vatnalaga sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmd lögum um úrskurðarnefndina nr. 132/2011. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli vatnalaga sæta kæru til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.



Kristinn Einarsson

Virðingarfyllst,



Skúli Thoroddsen

*Afrit sent til:*  
Fiskistofa